

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2021

2024/EES/13/17

frá 9. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/647 frá 15. janúar 2021 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu vegna notkunar á tilteknum blýefnasamböndum og efnasamböndum með sexgildu krómi í rafmagns- og rafeindakveikingar fyrir sprengiefni til almennra nota (í atvinnuskyni), í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/643 frá 3. febrúar 2021 um breytingu á I. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB):

„– **32021 L 0647**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/647 frá 15. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 54).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):

„– **32021 R 0643**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/643 frá 3. febrúar 2021 (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 5).“

*2. gr.*Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/647 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/643, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.